

Endurupptaka

Úrskurður 4/1999

Endurupptaka á úrskurði nr. 7/1998 frá 15. febrúar 1999.

Lög 55/1987 37. gr., 101. gr. Lög 37/1993 24. gr.

Með bréfi, dags. 1. mars 1999, fór E fram á endurupptöku á úrskurði nr. 7/1998, en í honum er fjallað um kæru A-bíla ehf. á endurákvörðun tollstjóra vegna aðflutningsgjalda af 22 vörusendingum til fyrirtækisins.

Meginröksemdin fyrir ofangreindri beiðni um endurupptöku er sú að við meðferð málsins hafi ríkistollanefnd ekki fjallað um bréf E til nefndarinnar, dags. 10. desember 1998. Í umræddu bréfi er bent á að hluti af þeim aðflutningsgjöldum, sem tollstjóri endurákvæðaði og beindi að A-bílum ehf., tengdist því fyrirtæki ekki með réttu, heldur fyrirtækinu A-bílar innflutningur ehf.

Með bréfum, dags. 19. mars s.l., fór ríkistollanefnd fram á umsögn tollstjóra og ríkistollstjóra á ofangreindri beiðni lögmanns A-bíla ehf. Í bréfi tollstjóra kemur fram að hann hafi af vangá talið innflutning þann, sem ræddi um í endurákvörðun tollstjóra, dags. 15. maí 1998, allan hafa verið á nafni A-bíla ehf. Í ljós hafi komið að svo hafi ekki verið heldur hafi eftirtaldir 5 sendingar verið í nafni A-bíla innflutnings ehf.

S DIS 19 02 7 DK AAR W048

S ARN 21 05 7 DK AAR W017

S ARN 26 03 7 DK AAR W042

S ARN 26 03 7 DK AAR W041

S ARN 03 06 7 DK AAR S005

Í bréfi sínu frá 25. mars. s.l. vekur tollstjóri jafnframt athygli á því að fyrirsvarsmönnum A-bíla ehf. hafi á sínum tíma verið gefinn kostur á að tjá sig um hina fyrirhuguðu endurákvörðun. Svar barst frá lögmanni fyrirtækisins, dags. 30. apríl 1998, þar sem fyrirhugaðri endurákvörðun er mótmælt, en ekki er vakin athygli á því að hluti sendinganna hafi verið fluttur inn af öðru fyrirtæki. Ef mótmæli þessi hefðu komið fram á því stigi málsins hefði tollstjóri að öllum líkindum tekið þau til greina og fellt niður kröfur að svo stöddu vegna fyrrnefndra sendinga á nafni A-bíla innflutnings ehf. Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, leggur tollstjóri til að mál A-bíla ehf. verði endurupptekið og ákvörðun tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna þeirra sendinga, sem fluttar voru til landsins á nafni A-bíla innflutnings, verði felld úr gildi með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga. Hann telur hins vegar eðlilegt að úrskurður ríkistollanefndar varðandi sendingar, sem sannanlega voru á nafni A-bíla ehf, standi óbreyttur, þar sem forsendur hafi ekki breyst.

Í bréfi embættis ríkistollstjóra kemur fram að það hafi haft vitneskju um að úrskurður tollstjóra hefði átt að beinast að tveimur lögaðilum. Þrátt fyrir þetta hafi það ákveðið að fjalla ekki um þetta atriði í kröfugerð embættisins og hafi sú ákvörðun verið röng. Jafnframt bendir ríkistollstjóri á að ekki liggi fyrir haldbær skýring á því hvers vegna lögmaður A-bíla ehf. fjallaði ekki um þetta atriði þegar mál hans voru til umfjöllunar hjá tollstjóra og fyrir ríkistollanefnd. Hið sama segir hann gilda um ríkistollanefnd ekki liggi fyrir hvers vegna nefndin fjallaði ekki um þetta atriði ex officio við meðferð málsins, og ekki heldur eftir að sérstakt tilefni gafst til þess í framhaldi af bréfi lögmannsins 10. desember 1998. Ríkistollstjóri telur bæði efnisrök og líklega 24. gr. stjórnsýslulaga standa til þess að taka málið upp og sé hann fylgjandi þeirri niðurstöðu. Ef nefndin ákveði endurupptöku telur hann að um tvo kosti sé að ræða; að málið verði tekið upp í heild eða eingöngu að því marki, sem það beindist gegn röngum aðila. Ríkistollstjóri er fylgjandi síðari kostinum.

Loks er þess að geta að lögmanni A-bíla ehf. voru með bréfi, dags. 16. apríl s.l., send ofangreind bréf ríkistollstjóra og tollstjórans í Reykjavík frá 25. mars s.l. til umsagnar. Umsögn hans barst ekki.

Umrætt bréf lögmanns A-bíla ehf. til ríkistollanefndar frá 10. desember s.l., mun hafa verið sent í almennum pósti á starfsstöð Ingólfs Friðjónssonar, hdl., formanns nefndarinnar, en ekki starfsstöð nefndarinnar. Af ókunnum ástæðum komst það ekki til skila. Það skýrir af hverju ekki var fjallað um efni þess þegar framangreint mál var til úrskurðar hjá nefndinni. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að formaður nefndarinnar hefur frá síðustu áramótum verið í tímabundnu leyfi frá störfum í nefndinni vegna námsdvalar erlendis. Hann sat því ekki í nefndinni er úrskurður sá, er hér um ræðir, var kveðinn upp heldur settur formaður, Lárus Ögmundsson, lögfræðingur.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda þau m.a. um stjórnsýslunefndir sem taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Ríkistollanefnd starfar samkvæmt 37 gr. tollalaga nr. 55/1987. Fjármálaráðherra skipar nefndarmenn. Nefndin skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um hvort tiltekin vara sé tollskyld eða tollfrjáls eða skuli teljast fremur til eins en annars tollskránumers, svo og hvað telja skuli viðskiptaverð vöru, flutningsgjald eða annan eðlilegan kostnað, sem fellur á vöru. Ríkistollanefnd er samkvæmt framansögðu stjórnsýslunefnd í skilningi stjórnsýslulaga og gilda því stjórnsýslulög

um störf hennar eftir því sem við á. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þeirra skal stjórnvald, sem tekið hefur ákvörðun og tilkynnt hana, m.a. taka mál til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Eins og að framan hefur verið rakið liggur fyrir og er óumdeilt að 5 af 22 sendingum, sem endurákvörðun tollstjóra frá 9. nóvember 1998 og úrskurður ríkistollanefndar nr. 7/1998 fjallar um, voru ekki á vegum A-bíla ehf. heldur annars lögaðila. Breytir engu í þessu sambandi þó hluthafar og stjórnendur beggja félaganna kunni að vera þeir sömu. Í ljósi þessa og með vísan til 24. gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. gr. þeirra, hefur nefndin því ákveðið að taka málið til meðferðar á ný.

Svo sem að framan er rakið voru eftirfarandi sendingar, sem í úrskurði nefndarinnar frá 15. febrúar s.l. í máli nr. 7/1998 voru taldar fluttar inn af A-bílum ehf., í raun fluttar inn af A-bílum innflutningi ehf. Sendingar þær, sem hér um ræðir eru:

| | | |
|---------------------------|------------------------|-----------------|
| S DIS 19 02 7 DK AAR W048 | vangr. vörugj. og vsk. | kr. 1.190.452.- |
| S ARN 21 05 7 DK AAR W017 | vangr. vörugj. og vsk. | kr. 279.957.- |
| S ARN 26 03 7 DK AAR W042 | vangr. vörugj. og vsk. | kr. 1.370.957.- |
| S ARN 26 03 7 DK AAR W041 | vangr. vörugj. og vsk. | kr. 2.064.228.- |
| S ARN 03 06 7 DK AAR S005 | vangr. vörugj. og vsk. | kr. 1.195.535.- |

Samtals nemur vangreitt vörugjald og virðisaukaskattur af þessum sendingum 6.101.129 kr.

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið og með hliðsjón af atvikum málsins að öðru leyti, hefur nefndin með vísan til 24. gr. stjórnáskilslulaga ákveðið að breyta úrskurði sínum í máli nr. 7/1998 frá 15. febrúar s.l. þannig að hann taki ekki til ofangreindra fimm sendinga, sem A-bílar innflutningur ehf. flutti inn. Jafnframt hefur hún ákveðið að úrskurðurinn skuli að öðru leyti standa óbreyttur enda hafa forsendur ekkert breyst varðandi þann hluta málsins. Hafa ber og í huga í þessu sambandi að aðilar málsins gera ekki sérstakar kröfur um aðra meðferð. Samkvæmt framansögðu verður kröfu um vangoldin aðflutningsgjöld af ofantöldum fimm vörusendingum ekki beint að A-bílum ehf. Endurákvörðun tollstjóra frá 15. maí 1998 á aðflutningsgjöldum af sendingum þessum er því felld úr gildi. Í samræmi við það sem að ofan greinir skulu hin endurákvörðuðu aðflutningsgjöld lækka um 6.101.129 kr. Að öðru leyti skal úrskurður nefndarinnar nr.7/1998 standa óbreyttur. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 24. gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993 kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð

Úrskurði nefndarinnar í máli nr. 7/1998, frá 15. febrúar 1999 er breytt þannig að endurákvörðun tollstjóra frá 15. maí 1998 á aðflutningsgjöldum af vörusendingunum S DIS 19 02 7 DK AAR W048, S ARN 21 05 7 DK AAR W017, S ARN 26 03 7 DK AAR W042, S ARN 26 03 7 DK AAR W041 og S ARN 03 06 7 DK AAR S005 er felld niður og endurákvörðuð aðflutningsgjöld lækka um 6.101.129 kr. Að öðru leyti skal hin kærða endurákvörðun standa óbreytt.